

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorpeyðingu Grímsnes- og Grafningshrepps 2009.**

1. gr.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpeyðingargjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sbr. samþykkt nr. 417/2000, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskráin fyrir sorpeyðingu fyrir árið 2009:

Lögbýli	kr. 12.803
Íbúðarhús	kr. 10.528
Frístundahús (sumarhús)	kr. 6.463
Fyrirtæki/smárekstur	kr. 12.803
Losun úr gámum	kr. 595 pr./rúmmetra

Sveitarstjórn tekur tillit til magns og flokkunar úrgangs frá fyrirtækjum og öðrum aðilum er þjónustuna nota. Þeir sem óska eftir aukagámum greiða kostnað vegna gámaflutninga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 18. desember 2008 er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. samþykkt nr. 417/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi og gildir fyrir árið 2009. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1238/2005 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 27. apríl 2009.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2009